



Varðandi: Flóasiglingar
Málsnúmer: 1501150
Dagsetning: 12. maí 2016

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að hafna fyrirliggjandi tilboðum í siglingar á milli Reykjavíkur og Akraness. Jafnframt samþykkir bæjarráð að endurskoða útboðsskilmála vegna Flóasiglinga og skal þeirri vinnu vera lokið þann 15. ágúst næstkomandi.

GREINARGERÐ:

Þann 3. mars s.l. auglýsti innkaupadeild Reykjavíkurborgar eftir áhugasömum aðilum til viðræðna vegna tilraunaverkefnis um beinar siglingar ferju á milli Reykjavíkur og Akraness á tímabilinu maí til september 2016. Markmið tilraunaverkefnisins er að kanna rekstrargrundvöll reglulegra bátsferða á milli sveitarfélaganna og var gert ráð fyrir því að rekstraraðili ferju myndi safna upplýsingum varðandi rekstrarþætti á framangreindu tímabili.

Þrír aðilar, Sæferðir ehf., Special Tours ehf. og Gunnar Leifur Stefánsson, sendu innkaupadeild Reykjavíkurborgar umsókn um þátttöku í frekari viðræðum vegna verkefnisins. Viðræður hófust 18. mars s.l. Sæferðir ehf. sögðu sig frá viðræðunum en tveir aðilar, Special Tours ehf. og Gunnar Leifur Stefánsson óskuðu eftir áframhaldandi viðræðum og sendu innkaupadeild Reykjavíkurborgar hugmyndir að tilraunaverkefninu.

Að mati fulltrúa innkaupadeildar og fulltrúa Akraness sem komu að viðræðunum samrýmdust hugmyndirnar ekki þeirri auglýsingu sem birt var þar sem aðilarnir horfðu til lengra samningstímabils en ætlun Akraneskaupstaðar og Reykjavíkurborgar var að gera tilraun með siglingar í eitt sumar.



Akraneskaupstaður

Bæjarráð leggur því til að viðræðum verði hætt og útboðsskilmálar endurskoðaðir með það í huga að auglýsa útboð að nýju vegna sumarsins 2017. Með vísan til framanritaðs gerir bærarstjóri ofangreinda tillögu.

Regína Ásvaldsdóttir
Regína Ásvaldsdóttir
bærarstjóri